Ár 1897. Þriðjudaginn 15. Júní kusu hreppsbúar eptirtalda menn í hreppsnefnd fyrir Eyrarbakka hrepp
1. Jón Hannesson í Litlaháeyri með 58 atkv.
2. Jón Einarsson í Hundakoti með 36 —"—
3. Þorkell Þorkelsson í Óseyrarnesi með 38 —"—
4. Jón Pálsson organisti í Einarshöfn með 37 —"—
og 5. Þorsteinn Þorgilsson verzl.m. st. með 32 —"—.

Kjörskrá var engin á staðnum (hún var uppi í Kaldaðarnesi að sögn fyrv. oddvita sr. Ólafs Helgasonar) og hafði ekki legið einn dag til sýnis hreppsbúum. Í kjörstjórn voru auk hreppstjórans Guðni Jónsson verzlunarm. og Guðm. Oddgeirss. verzlunarm. Sá í fyrrnefndi var ekki kjörgengur og hinn síðarnefndi hvorki kjörgengur né kosningarbær.

Einar Jónss. kaupm. fjekk nægilega mörg atkvæði (38) en lýsti því yfir eptir að búið var að kjósa að hann tæki ekki á móti kosningu og hafði hann rjett til þess sökum aldurs og þess hve lengi hann hefur gegnt hreppsnefndarstörfum. Var svo ekkert um það fengizt nema tekinn orðalaust sá sem næst flest atkvæði hafði (Þorst. Þorgilss.) = ekki nefnt að kjósa á ný.

Ýmsar raddir heyrðust um það að þeir sem fyrir kosningu urðu væru ólöglega kosnir og væru mjög ófúsir á að taka þenna starfa að sjer, en því var engu skeytt, heldur var því lýst yfir (af hreppstj. og fyrv. oddv.) að ofantaldir menn væru kosnir og skyldu taka til starfa; engum skjöl., bækur eða skilríki voru þeim afhent á hreppaskilaþinginu.

Sama dag kom svo hr.n. saman til að kjósa oddvita og varaoddvita og hlaut Jón Pálsson kosningu sem oddviti með 4 atkv. og Jón Einarss. varaoddviti með 4 atkv.

Á fundi þessum var ákveðið að hr.n. ljeti fara að vinna aukadagsverk in sem ámin voru.

18.— Júní — Auglýsing um aukadagsverk.

Allir verkfærir karlmenn, hvort heldur þeir eru húsbændur, lausamenn eða vinnumenn, á aldrinum frá 20 til 60 ára og ekki eru biladir á heilsu, sem heima eiga í Stokkseyrarhrepp og í

Ósegrarmeð skulu vinna aukadagsverk eitt (½ dagsverk) fyrir fard. ár 1896–97 og hafa lokið því fyrir 20. þ. m. Hr. Guðjón Jóns. á Ikumoz. hefur tekið að sjer að sjá um vinnuna og eiga menn því að snúa sjer til hans í þessu efni. Hverjir 2 menn þurfa að hafa með sjer 1 börur og torfskóflur. Vinni einhver ekki verk þetta fyrir tiltekinn dag ber hinum sama (húsbændur fyrir vinnum. sína) að borga 1.25 í peningum til undirritaðs fyrir þ. mánaðarlok.

Í umb. hr. n. Jón Pálsson.

15.– júní meðt. brjef sr. Ól. Helgasonar um Jón Guðm.sson Gamlahrauni (sjá brjef)

16.– –"– brjef Guðm. Þ.S. um Fjallrekstur í Stokkseyrarhr. (do)

s.d. –"– brjef Guðm. Þ.S. um Kirkjumál (og ?) (do)

20.– Skrifað brjef til Gríms Gíslasonar í Óseyri um skotunarsj. vegna jarðskj. 1896 (sjá afrit)

23.– meðt. brjef frá sama – sama efni (misskilningur) (sjá brjef)

s.d. Skrifað Privatbrjef til Bj. Jónss. Skeiðháholti um Runólf Eiríksson (do)

s.d. Meðt. brjef frá oddv. Vestur Landeyjahr. um flutning á Guð. Jóns. (do)

24. –"– –"– sr. Ól. Helgasyni um sama (do)

26. Skrifað Oddv. V. Landeyjahr. um sama (do afrit)

* 10. júlí brjef frá Sr. Ól. Helgasyni um Einar Gíslason smiðkaru (Hrótjart ofl.) (do)

11. –"– Fór oddviti út í Ölves til að fá Einar til að leggja eitthvað til heimilisins og lofaði Einar að gefa með 1 barni til konu sinnar og ætla til húsbónda síns (hver með gjöf 60 Kr.) og auk þess vegna að styrkja heimilið eitthvað meira.

17. meðt. Vottorð frá Guðm. Þ.S. um að Jóh. Magn. hafi unnið að móg torfi f. Einar (sjá brjef)

21. –"– brjef frá Guðm. Þ.S. um að leggja til föt og fæði handa fólki Jóns frá Tít (do)

24. –"– –"– Oddv. Stokkseyrarhr. um að ~~Kristjan Jóhannss.~~ Jón Jónasson hreppstj. sje þar kosinn meðstjórnandi Þorleifs ~~gjafasjóðsins~~ (sjá brjef) 25. kaus hr. n. einnig ~~sama mann og~~ fól Kristján

* Skipti á ...num hreppsins 8. júlí (sjá 16. Okt. 1897 [afstaf])

Jóhannesson verzlunarm. fyrir Eyrarbakkahr. og eptir að leitað hafði verið álits hr. n. í Stokkseyrarhr. var hann kosinn í einu hlj. til að vera umboðsmaður og gjaldkeri nefnds gjafasjóðs.

26. – Brjef og ávísun frá sr. Ól. Helgasyni fyrir Elínu Ólafsdóttur (sjá brjef)

22. – Brjef frá oddv. í Eyjafjallahreppnum um Jón frá Tit

sjá s.d. –"– –"– oddv. hr. n. Privat til sýslumn. (fyrirsp.) um sama og frá sýslumn. aptr (svör) (sjá brjef)

8. ágúst með t. reikningur frá Guðm. Ísleifssyni á Háeyri (sem umboðsmanni Guðm. G. Ísleifs. sem nú er fluttur til Ameríku) yfir lóðargjöld fyrir Elínu Ólafsd. í Smiðshúsum 16 kr, Guðrúnu Magnúsd. í Simbakoti 16 kr og Svein Sveinsson á Hausthúsum 29 kr. eða samtals 61 kr (sjá reikn. með brjef)

9. ágúst, skrifað Guðm. Ísleifs. um þessi lóðargjöld. (sjá brjef)

s.d. með t. brjef frá sama um sama efni o. m. fl. (!!) (sjá brjef)

s.d. Eptir að oddv. hafði gjört sjer ferð til Guðm. Ís. með ofangreinda upphæð (61 kr.) í peningum, neitaði Guðm. Ís. að taka við borguninni og ljet ýms óviðurkvæmileg orð úti við Oddvita, sjerstakl. um Elínu Ólafsd. og að því búnu reit hann ennþá brjef (sjá brjef) sem hann fleygði í miklli bræði í Oddvita og hljóp á dyr. Oddviti fór því með peningana aptur og lagði þá inn aptur til Lefolius verzlunar.

16. ágúst. Kvaddi Oddviti þá hr. Guðjón Ólafsson verzlunarm. og hr. Kristjá Jóhannesson til þess að ganga með sjer kl. 10 f. h. sem vitni, til Guðm. Ísleifs. þar hann (Oddv.) ætlaði enn að bjóða honum borgun á lóðargjöldunum fyrir ofangreint þurfafólk. Oddviti og vottarnir hittu svo Guðm. Ísleifs. úti á hlaði fyrir framan bæjinn og kvaðst Oddviti vera „kominn til að borga honum Guðm. Ísleifs. sem umboðsm. lóðargjöld fyrir Guðrúnu í Simbak.

Svein í Hausthúsunum og Elínu Ólafsdóttir í Smiðshúsunum." „Jeg tek ekki við því"
segir þá Guðm. Ísl. um leið og hann slær hnefanum í staur er stóð þar í kálgarðs-
grindunum. „Jeg er búinn að fyrirbjóða ykkur (á að vera hr. n.) að hafa Elínu einn dag
lengur á lóðinni lengur; þið eigið að vera farnir með hana"! Þá segir oddviti: „En
viltu þá ekki taka við borgun fyrir Svein og Guðrúnu?" „Nei, jeg er búinn að segja
það, jeg tek ekki við því! .... „Jeg bið ykkur að minnast: Guðjón Ólafs. og
og Kristján Jóhannesson" tók oddviti fram í – og kváðu þeir „já," við
því; — sjá einnig skriflegt vottorð þeirra — — — — (sjá brjef)
og gengu síðan á brott eftir fárra orða viðureign um sama efni.

19. ág. Auglýsing. Sunnud. 5. sept. næstk. (20. s.d. í sumri) kl 3 e.h.
verður almennur fjallskilafundur fyrir Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppa haldinn
í Barnaskólahúsinu á Stokkseyri. Áminnast því allir fjáreigendur í Eyrarbakkahreppi um
að sækja fund þenna þangað — Í umb. hr. n. Jón Pálsson

24. ág. Brjef (privat) frá Guðm. Ísl. um barn Þorvaldar Magnúss. (sjá brj.)
30. ág. Sendur reikn. til Eyjafj. hr. yfir flutn. kostn. f. Jón [illegible] (do)
7. sept. Skrifað hr. n. Gnúpv. hr. um [illegible] í Skaftholtsrjettinni. (do)
9. –"– móttk. brjef sr. Ól. Helgasonar um Elínu Ólafsd. (2 ávísanir do)
15 –"– –"– –"– Eiríks í Bitru um barn Þorvaldar (2 kr. meðgjöf – do)
26. var fundur haldinn samkv. auglýsingu hr. n. dags. 21. þ.m.
í barnaskólanum til þess að taka ákvörðun um hvort hr. n.
skyldi kaupa Þarfanaut handa hreppnum. Þar eð ~~annað~~
naut var til nema það sem Grímur í Litlahrauni hefði á boðstólum fyrir 50 kr. – í inn-
skript, var afráðið að kaupa það fyrir það verð. En þar sem fóður vantaði
fyrir það, gjörði hr. n. svolátandi samning við hreppstjóra Guðm. Ísleifs.

á Hæyni er hann fóðraði nautið til 24. júní 1898, gegn því að fá borgaða (fyrirfram) alla „bolatolla" er tilfjellu hjá þeim er nautið brúka en það skyldir vera sem flestir á þess neinn yrði skyldaðir til þess. Allir viðstaddir lofuðu að nota nautið, þeir er kýr áttu og greiða 2 kr. í eitt skipti fyrir öll í „bolatoll". Eptir fóðurtímann (næstk. Jónsmessu) tekur hr.n. soo við nautinu og lætur drepa það tekur 50 kr. af verðinu en borgar Guðm. Ísleifssyni afganginn hvo mikill sem hann verður. Borgunin til hreppsins af nautsverðinu (50 kr.) er áskilin í peningum eða peningavirði, alla einu tímdi hluti uppheðarinnar framyfir. Að þessum skilmálum gengu þeir Guðm. Bjarnason og Guðm. Ísleifsson og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps.

Eyrarbakka, 27. sept. 1897.

Jón Pálsson.
(oddviti)

8. Júlí (nýár framar). mættu hreppsnefndirnar í Stokkseyrar og Eyrarbhr. í barnaskólanum, í þeim tilgangi að skipta á milli ofannefndra hreppa öllum föstum ómögum, er í hinum forna Stokkseyrarhr. höfðu hvílt, samkv. því sem fyrir er skipað í landshöfðingjabrjefi 18. maí f. árs, og fjellu skiptin þannig:

Til Eyrarb.-hr. teljast því framvegis þessir ómagar:

1. Helgi Snorrason í Nabba,
2. Sesselja Jónsdóttir Hraunhlóðum.

3. Halldóra Sigurðardóttir á Hellukoti,
4. Jón Jónsson á Naustakoti,
5. Valdís Árnadóttir á Litlu-Háeyri,
6. Jón Björnsson á Baugsstöðum (Hræingsst.)
7. Þórunn Jónsdóttir á Smiðshúsum,
8. Guðrún Erlendsdóttir á Norðurkoti, 90
9. Vilhjálmur Ólafsson á Litla-Hrauni 30
10. Vilborg Ingvarsdóttir á Litlu-Háeyri
11. Guðrún Sigurðardóttir s. st. 80
12. Þorsteinn Símonarson Gamlahrauni
13. Emilía Hjörtþórsdóttir Sandgerði (barn)
14. Rebekka Hjörtþórsdóttir Einarshöfn. (do
15. Ida Hjörtþ.d. — " —

en til Stokkseyrarhr. teljast framvegis þessi sóm.

1. Gísli Jónsson Oddagörðum,
2. Guðrún Magnúsdóttir Skipum,
3. Þórunn Björnsdóttir Hamravogi,
4. Ingibjörg Jónsdóttir Móakoti,
5. Ingveldur Ólafsdóttir Bugum,
6. Guðrún Jónsdóttir Grímsbæ (barn)

Þessi skipti eru hlutfallslega rjett að öðru en því að Stokkseyrarhr. á eftir samkomulagi hreppsnefndanna í dag, að greiða 15 kr. til Eyrarbakkahrepps til að jafna skipti þessi en það verður gjört næstkomandi haust.

Allir nefndarmenn úr báðum hreppum undirskrifaðir (sjá bls.)

16. okt. mættu hreppsnefndirnar í Stokkseyrar- og Eyrarbakka hr. í Stokkseyri til að skifta þurfamönnum hreppanna og samdist svo rjett að vera:

Til Eyrarb. hr. teljist þessir þurfamenn.

1. Jón Guðmundss. Gamlahrauni, 2. Sæmundur Sæmundss. Framnesi,
3. Eiríkur Pálsson L. Háeyri, 4. Guðjón Þorsteinss. Mörk,
XX 5. Einar Gíslason snikkari, 6. Sólveig Eiríksdóttir Króki í Holtum,
7. Gísli Jónss. Eyrarkoti, X 8. Elín Ólafsd. Smiðshúsum,
XX 9. Þuríður Hannesd. Einarshöfn, 10. Kristín Jónsd. Norðurkoti,
11. Ragnhildur Þorsteinsd. Simbakoti, 12. Guðbjörg Jónsd. Mundakoti
13. Ásdís Ormsdóttir Simbakoti, X 14. Guðrún Jónsd. Framnesi,
15. Guðm. Felixson Einarshöfn, X 16. Helgi Pálsson Hvíld,
17. Guðrún Helgadóttir Rauðarhól, 18. Sveinn Sveinsson Beinateig,
19. Friðrik Guðmundss. Hól, X 20. Magnús Kristjánss. Útgörðum
21. Sveinn Sveinsson Hausthúsum. og ~~22. Ida Hjörtþórsd.~~ Naustakoti.

En til Stokkseyrarhrepps teljast þessir þurfamenn:

1. Grímur Ólafsson Móakoti, 2. Sigurður Sigmundsson Grímsfjósum.
3. Jón Hansson Grímsbæ, 4. Bjarni Nikulásson Bugum,
5. Ingibjörg Magnúsdóttir Söndu, 6. Jónas Jónsson Djúpadal,
7. Einar Sigurðss. Tóftum, 8. Vigfús Vigfússon Stokkseyrarseli,
9. Gísli ~~Gíslason~~ Bugum, 10. Sigurður Jónsson Grjótlæk
11. Auðbjörg Egilsd. Móhúsum, 12. Finnur Sveinbjarnarson Kumbravogi,
13. Magnús Teitsson Brún, 14. Halldóra Jónsd. Útgörðum.

Framanskrifuð skifti hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir komið sjer

saman um að hafi fullt gildi frá í dag og hvor hreppur hafi óbyrgð á sínum innbúum að undanskildum þeim ómögum og þurfamönnum er kom kunna frá öðrum hreppnum, þeir skiptast eptir tiltölu á báða hreppana.
Allt sem framanskrifuðum þurfamönnum hefur verið látið í tje frá síðastl. fardögum til þessa dags, skiptist eptir hlutfalli milli beggja hreppanna og skal þeim skiptum lokið fyrir næstk. nýjár.
Til jafnaðar í skiptunum borgi Stokkseyrar hreppur til Eyrarb. hr. 125 kr. – eitt hundrað og fimmtíu krónur – sem borgist um leið og skiptum er lokið, í síðasta lagi fyrir næstk. nýjár.
þessu til staðfestu undirritum við nöfn okkar hreppsnefndarmenn fyrir Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppa.

Staddir á Stokkseyri 16. okt. 1897.

Í hreppsnefnd Stokkseyrar hrepps:
Jón Jónsson. oddviti.
Júníus Pálsson, varaoddviti.
Benidikt Benidiktss. gjaldkeri.
Sigurður Hinriksson.
Einar Gíslason.

Í hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps:
Jón Pálsson, oddviti.
Jón Einarsson, vara-oddviti
Jón Hannesson.
Þorsteinn Þorgilsson, gjaldkeri.
Þorkell Þorkellsson.

(sjá bréf)

Á Hreppskila fundinum 15. okt. kvaðst oddviti ætla að láta hreppsbúa bjóða undirboð í ómaga hreppsins og einnig fara fram á að oddviti og gjaldkeri hreppsnefndarinnar fengju þóknun þá er til er tekin í lögum Nr 30. 11. des. 1891, 1. & 2. gr., en þar eð ekkert 5-6

menn voru að staðaldri á fundinum og hann yfir höfuð mjög illa sóttur, lögði ~~gjörði~~ oddviti þá fyrirspurn fyrir hreppstjóra, hvort hann (oddviti) mætti ekki boða til almennings funda héðan meir og bera þá mál þessi upp fyrir hreppsbúum og hvort að sá fundur mundi ekki verða álitinn lögleyur, svo framarl. sem hann væri löglega boðaður og kvað hreppstjóri „já" við því

—— " ——

## Auglýsing.

Hreppsnefndin í Eyrarb. hr. heldur almennan fund í barnaskólahúsinu á Eyrarb. fimmtud. kvöldið 21. þ.m. kl. 7. síðdegis.

Málefni þau er til umræðu verða tekin á fundinum verða meðal annars þessi:

1. Er nokkurt verkefni til handa þurfamönnum hreppsins til að vinna og hverjir vilja leggja fram fje til að veita þeim atvinnu, gegn því að hafa ágóðan af því sem unnið verður?

2. Hvað verður gjört til að afstýra iðjuleysi og óreglu ýmsra uppvaxandi unglinga hjer á Eyrarbakka?

3. Vilji nokkrir hreppsbúar gefa kost á því að taka ómaga hreppsins fyrir minna meðlag en nú er, þá verður samið við þá á fundinum eða í fundarlok.

4. Er það til gagns eða ógagns að innbúum fjölgi hjer á Eyrarbakka, eins og nú stendur.

5. Gefa hreppsbúar samþykki sitt til þess að oddviti og gjaldkeri fái af hreppsjóði þóknun þá sem til er tekin í lögum nr. 30.

11. des. 1891, 1. & 2. gr.

Að þessu öllu loknu verður mönnum gefinn kostur á að bera upp málefni þau er hreppinn varða.

Hvorki ófermdum unglingum nje öðrum óviðkomandi verður leyfð inngang̃a.

Eyrarbakka, 15. okt. 1897.

Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson.

— " —

Auglýsing.

Fundurinn sem hreppsnefndin boðaði til 15. þ. m. verður haldinn í Good Templarahús, kl. 7 í kvöld, en ekki í barnaskólanum, vegna rúmleysis, þar útlit er fyrir að fundurinn verði óvenjulega fjölsóttur.

Eyrarbakka, 21. okt. 1897.

Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson.

23. okt. meðtekið brjef frá Jóni Jónss. á Króki um Sólveigu Eiríksd. (sjá brjefin)
s. d. skrifað þannig lagað brjef sama manni:

Brjefi yðar dags. 13. þ. m. svarast þannig: Ef þjer ekki viljið halda ekkjunni Sólveigu Eiríksdóttir fyrir lækt meðlag og áður (ekki yfir 30 krónur) fyrir yfirstandandi ár, óska jeg að þjer flytjið hana hið allra fyrsta til mín, þar jeg hefi vísan, góðan samastað handa henni fyrir ofangreinda upphæð.

En ef þjer gangið að þessum kostum bið jeg yður að

láta mig vita það hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst

Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson.

23. okt. Brjef til sýslumannsins í Árnessýslu.

Með því að konan Helga Eiríksdóttir á Brennu í Eyrarbakkahreppi er þrotin orðin að heilsu og því hjálparþurfi af fátækrafje, en hins vegar ekki kunnugt hvar hún nú eigi framfærsluhrepp, þá er hjermeð skorað á yður herra Sýslumaður að leita hið allra bráðasta upplýsingar um hvar maður hennar, Stefán Arnbjarnarson ættaður frá Króktúni í Landsveit, nú eigi lögheimili og framfærsluhrepp.

Þess má geta, að hjón þessi eru skilin að borði og sæng fyrir nærfellt 30 árum og eftir því sem heyrst hefur, hvað nefndur Stefán Arnbjarnarson hafa dvalið í Reykjavíkurkaupstað, ekki alls fyrir löngu og stundað sjómennsku á þilskipum við Faxaflóa. — Virðingarfyllst.

Í umboði hreppsnefndarinnar: (sjá brjef)

Jón Pálsson

21. okt. (Fundargjörðir).

Var fundur settur og haldinn í Good Templarahúsinu á Eyrarbakka kl. 7 síðd., samkvæmt auglýsingu hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi, til þess að ræða ýms áríðandi sveitarmálefni er hreppsn.

12.

áleit þörf á að bera undir hreppsbúa og fór svo fundur fram sem hjer segir:

Fundarstjóri Oddviti, skýrði frá tilgangi fundarins og gat þess að hreppsnefndin hefði í hyggju að halda fleiri slíka. Þar næst tók hann umræðu efnin gefin þeirri röð sem þau stóðu á auglýsingunni.

ad: 1. Forseti benti hjeraðsbúa lútandi sjerstaklega á girðingu nýrra ./. jarðeplagarða, að ryðja ósa í fjörunni o. fl.

Kristján Jóhannesson talaði því næst og kvaðst hann sjer eigi kynja þykja kynlegt þótt einstakir menn eigi væru framtakssamir í jarðabótum, sjerstakl. þar sem svo lítil trygging væri fyrir því að sá sem bótina framkvæmdi sjerstakl. gæti notið góðs af því í framtíðinni fyrir sig og sína. Hvatti hann hreppsnefndina til að reyna til að fá keyptar jarðirnar á Eyrarbakka ef unnt væri handa hreppsfjelaginu.

ad: 2. Forseti fór nokkrum orðum um þetta mál og benti meðal annars ./. á að gott væri að unglingar vildu mynda fjelag með sjer til að lesa bækur og blöð, ef eigi væri neitt verkefni fyrir hendi að vinna með höndunum. Eigi mætti það líðast að þeir tendu sjer stöður í búðunum að óþörfu nje flokkadráttur og fyllirí og hvatti þá til að ganga í bindindi. Fleiri töluðu ekki í því máli.

./. ad: 4. Forseta þótti hjer ofmargt fólk þegar litið væri tekið til þess hve atvinna er hjer lítil og lágt borgað öll vinna. Hann áleit að hjer væru nokkrir búsettir og allmargir lausamenn og lausakonur er betur væru komnir í sveit og hjer ættu ekki nje þyrftu að vera. Guðm. Guðmundsson í Sandgerði var alveg sömu skoðunar og skoraði á hr. n. að fá stuðlað að því að eigi yrði mjög mörgum byggt hjer inn framvegis. —

Kristján Jóhannesson fór nokkrum orðum um þetta atriði og áleit að eins og nú stæði væru hjer helzt of margir umbúar. Þorst. Þorgilsson áleit það mjög mikið vandaverk fyrir nefndina að ráða verulegar bætur á þessu máli, þar óákveðið væri hvert vald hr.n. hefði í því máli.
Guðni Jónsson vrgl.m. hvað fundarmenn eigi myndu hafa við þetta mál að gjöra, þar sem völdin væru nær eingöngu hjá landsdrottnum er eigi væru á fundinum. Gat hann þess að hafa heyrt að Elís nokkur Árnason hefði flutt inn í hreppinn í gær og spurði ít fyrir hjá hr.n. hvort honum væri það kunnugt. Hr.n. kvaðst eigi hafa heyrt það fyr en nú.

÷ Ad: 5. Guðni Jónsson var meðmæltur því, að gjaldkeri fengi allt að 4% af í ómakslaun en hvað þóknun til oddvita snerti var hann ekki eins viss um að hann vildi samþykkja nema að sjálfsögðu fyrir ritföng og ferðakostnað, eftir sanngjörnum reikningi. Hr. Jóh. var eindregið meðmæltur því að fjeh. og form. nefndarinnar fengju þóknun fyrir starfa sinn og kvaðst greiða atkvæði með því, þá er til atkv. yrði gengið.
Þorsteinn í Björgyn var mótmæltur því að hr.n. fengi nokkra þóknun; hvað þar með legðan óþarfan skatt á sveitina, er fátækir menn eigi þyldu.
Guðm. Höskuldsson eindregið meðmæltur þóknuninni; sömuleiðis Guðm. bóksali er kvað sjer þykja eðlilegt og sanngjarnt að hin nýja nefnd áskaði borgunar fyrir starfa sinn, þar hún yrði nú að fást við vandasamt og umfangsmikið verkastarf: að skipta hreppinum m. m.; hann kvaðst greiða atkv. með því á sínum tíma.
Þorst. Þorgilsson kvaðst eigi mega við því að starfa fyrir hr. fjelagið án borgunar hann yrði því neyddur til að vanrækja

þau störf, en láta heimilisstörf sín sitja í fyrirrúmi.

Síðan var gengið til atkvæða um þetta mál og var það samþykkt með meiri hluta þeirra er á fundi voru; Enda höfðu aðeins 2 raddir heyrzt á móti því eins og Guðni Jónsson tók fram um leið og hann lýsti yfir því áliti sínu að undirtektir fundarins um það væru fremur góðar.

÷ Ad. 3. Með því að engir gáfu sig fram er vildu taka ómaga hreppsins fyrir minna meðlag en nú er, gaf forseti hreppbúum frest til 25. þ.m. til að koma með tilboð um lægra meðlag.

Forseti lýsti yfir því að fátækra hlutar yrði krafist af hverju skipi er reri til fiskjar á sunnudegi árið um kring, en ekki eins og áður hefði verið: aðeins um vetrarvertíðina.

Einnig lýsti hann yfir því að útsvars-kærum yrði ekki sinnt nema þær kæmu skriflegar og formlegar til nefndarinnar. Hann hvatti hreppsbúa til að sækja betur fundi eftirleiðis en að undanförnu og kvaðst mundu fá þá sektaða til ágóða fyrir fátækrasjóð er eigi mættu að forfallalausu á fundum þeim er haldnir yrðu framvegis til hreppsráða eða ræða sameiginleg mál hreppsins.

Fundi slitið kl. 9½ síðd.

Jón Pálsson
fundarstjóri

Kristján Jóhannesson
p. t. skrifari fundarins.

Meðlag lækkað: (fard. árið 1897–98)

með Þorst. Símonarsyni úr Kr. niður í 60 kr.
–"– Halldóru Sigurðardóttur úr 60 " –"– 25–30 kr
–"– Sólveigu Eiríksdóttur úr 30 " –"– 25 kr
–"– Sigríði Böðvarsdóttur úr 20 " –"– ekkert?
en hækkað meðlag:
með Jóni Björnssyni úr 104 kr ~~niður~~ uppí 180 frá 25/10 til fardaga
–"– Guðrúnu Erlendsdóttur úr 80 Kr. –"– 90 yfir allt árið.

22. okt. byrjaði niðurjöfnun á fátækraútsvari
Eptir að hr.n. hafði lauslega en þó svo nákvæmt sem kemur var unnt áætlað um tekjur og gjöld hreppsins
þannig: Til fastra ómaga alls (sjá bréf) 1185,00
Til þurfamanna " (do (1165 kr) 1165,00
Til sýsluvega " 250,00
Til sýslusjóðs 150,00
Til Barnaskólans 150,00
Til hundalækninga 30,00
Samtals: Kr. 2930,00
Jafnaði hr.n. niður á hreppsbúa auk þessa " 300,00
til óvissra útgjalda og fyrir vanhöldum. (sjá útsv. skrána).
5. Útsvarsskráin lögð fram og auglýst til sýnis í verzlunarbúð Lefolii til 27. nóv. að báðum þeim dögum meðtöldum.
..d. Tíundarlistinn fyrir 1897. meðt. frá hreppstjóranum

okt. meðtekið bréf frá Guðm. Þórólfss. m. útsvarið hans og Guðm. G. Þórólfssonar. (sjá bréf.)

okt. meðt. bréf frá Einari kaupm. Jónssyni, þar sem hann fer fram á að hr.n. lækki útsvar sitt úr 32 kr. niður í 20 kr. án þess til þess komi að hann kæri yfir því; en með því oddviti hafði lýst því yfir ~~[illegible]~~ á fundinum 21. þ.m. að þess konar kærum yrði ekki sinnt (sjá fundargj. frá þeim degi) nema kært yrði formlega og hinsvegar, að hr.n. fannst alls engin ástæða til að lækka útsvar Einars var bréfinu ekki sinnt frekara.

o. d. — meðtekið bréf frá Guðm. Guðmundssyni í Sandgerði þar sem hann fer fram á að útsvari Steinunnar Hannesd. í Einarshöfn verði algjörlega sleppt. Þessu bréfi ekki sinnt af áður sögðum ástæðum og því að hr.n. veit ekki til að Guðm. sje skipaður tilsjónarmaður Steinunnar.

2. nóv. — meðt. útsvars-kæra dags. 1. nóv. frá Þorsteini Þorsteinss. í Björgyn, er tók sjer fyrir jafnaðarmenn Halldór Gíslason trjesmið á Garðhúsum og Stefán Ögmundsson á Merkigarði. ~~(sjá bréf.)~~ Þessa menn kallaði svo hr.n. fyrir sig 7. nóv. og úrskurðaði að útsvar þeirra hvers um sig skyldi standa við það sama, af þessum ástæðum:

Húseign þeirra álitin mjög lík; heimilisástæður sömuleiðis, nema hvað Stefán er mjög bagaður frá störfunum og leikur alldrei á heilum sjer.

Skuldir Þorsteins voru samtals hjerumbil kr. 200.00
—"— Halldórs —"— —"— —"— " 410.00
—"— Stefáns —"— —"— —"— 230.50
en hann á gamlan sexæring, er gengur fyrir einum hlut á vetrarvertíðinni.

Kæran var síðan send kæranda 8. nóv. og honum skriflega tilkynnt ur þessi úrskurður hreppsnefndarinnar. (Skrifað á kæruna).

6. nóv. mótt. útsvars-kæra dags. 5. nóv. frá Geirlaugu Eiríksdóttur á Nýjabæ, þar sem hún tekur sjer fyrir jafnaðarmenn Guðrúnu Símonard. á Litluháeyri og Gísla Pálsson á Grímsstöðum. þessum öllum tilkynnt 16. nóv., að mæta í barnaskólanum 20. nóv. kl. 6 siðd.

11. nóv. mótt. útsvars-kæra dags. 7. nóv. frá Ásbirni Eiríkssyni á Blómsturvöllum, er tók sjer fyrir jafnaðarmenn Jóhann Guðmundsson á Litluháeyri og Vigfús Halldórsson á Akri. þessum öllum tilkynnt 16. nóv., að mæta í barnaskólanum 20. nóv. kl. 5 siðd.

18. nóv. meðtekin útsvars-kæra dags. 18. nóv. Einars kaupm. Jónssonar þar sem hann tekur sjer fyrir jafnaðarmenn oddvita og varaoddvita hreppsnefndarinnar.

S. d. mótt. Skýrslu-form frá sýslumanninum ásamt sýslufundargjörðum Árnessýslu 14. sept. 1896 (aukaf.) og aðalfundargj. 6–10 apríl 1897. Enn fremur form fyrir hreppsreikningana (in duplo).

19. nóv. meðt. útsvarskæra frá Jörgen Hansen verzlunarstjóra þar sem hann tekur sjer fyrir jafnaðarmenn Oddvita Jón Pálsson, N.C. Bach Bakara og P. Nielsen verzlunarstjóra.

s.d. meðt. útsvarskæra frá sama manni fyrir hönd W. Christensens verzlunar á Eyrarbakka og jafnar sig við verzlun J. R. B. Lefolii og bakaríið!

20. nóv. mætti hr. n. á fundi í barnaskólanum ásamt Ásbirni Eiríks. á Hömluvöllum til að útkljá útsvars-kæru mál hans; þeir, Jóhann Guðmunds. á Litlu Háeyri og Vigfús Halldórsson s. st. mættu einnig.

Eptir að skuldir þessara manna voru taldar kom það í ljós að Ásbjörn skuldar samtals hjer umbil 28,00
Vigfúsar —"— —"— —"— 160,00
og Jóhann —"— —"— —"— 278,00
Eignir og heimilisástæður voru álitnar mjög líkar, en Jóhann og Ásbjörn hafa það framyfir Vigfús að sá fyrrnefndi er minni en sá síðarnefndi vefari. Eptir að þessar upplýsingar komu í ljós, kvaðst kærandi að útsvar sitt skyldi við það sama sem hreppsnefndin hafði sett honum. Jóhann og Vigfús gjörðu engar kröfur til lækkunar á sjer eða hækkunar á kæranda.

Eyrarbakka. 20. nóv. 1897. Jón Pálsson.
Þorkell Þorkelsson Þorsteinn Þorgilsson Jón Einarsson
Jón [illegible]

20. nóv. var einnig tekið fyrir útsvars-kærumál Geirlaugar Eiríks-dóttur á Nýjabæ; var hún mætt ásamt Gísla Pálssyni á Grimsstöðum, en Guðrún Símonardóttir sendi oddvita skriflega tilkynningu um að hún vegna sjónleysis og heilsuleysis ætti ómögulegt með að mæta. Eptir þeim upplýsingum sem fram komu var álitið hreppsnefndarinnar að þar ed Guðrún er sama sem ómagi af ofanskrifuðum ástæðum og hún lagði fram læknisvottorð um heilsulinleika Símonar sonar síns, að vinnuhjú hennar væru algjörlega fyrir heimilinu, svo, að ef þau væru ekki yrði hún og sonur hennar þyngsta ómagar ~~eða~~ fannst engin ástæða til að taka nokkurt tillit til hennar ástæða enda fór kærandi ekki framá að lækka útsvar hennar. Eignir og ástæður Geirlaugar og Gísla álitust mjög líkar, heimilisástæður sömuleiðis, börn þeirra vitanlega heilsubiluð, en vinna Gísla og Andrésar lögð að líku. Geirlaug kvað að hús það er hún býr í standi í 300 króna skuld við Ingvar son hennar en húsið þó talsvert meira virði; hún hefur matjurtagarða stærri og betri en margir aðrir hjer en Gísli á bæ sinn skuldlausan. Tillaga kom frá hálfu hreppsnefndarinnar að lækka um 1 krónu á Geirlaugu, en hún vildi ekki þiggja það, þrátt fyrir það að Gísli bauðst til að bæta þeirri 1 krónu á sig fyrir því úrskurðaði hreppsnefndin að útsvar þessara manna skyldi standa við það sama sem hr. n. hefði ákveðið í fyrstu.

Eyrarbakka, 20. nóv. 1897. Jón Pálsson.

Jón Einarsson Þorkell Þorkelsson Jón Hannesson

[illegible]

23. ~~okt.~~ nóv. Skrifað Einari Jónssyni kaupm. og skorað á hann að mæta á fundi hr. n. í barnaskólanum laugard. 27. þ. m. kl. 5 e. h.

7. nóv. mætti hreppsnefndin á fundi í barnaskólanum ásamt Einari Jónssyni kaupm. til að útkljá útsvars-kærumál hans. Eptir alllangar umræður um málið tók kærandi kæruna aptur og fjell frá kröfum sínum í heimi, eptir að hr. n. hafði lýst því yfir að hún álykti að úrskurða þannig í þessu máli: að útsvar kæranda og þeirra sem hann tók ajer fyrir jafnaðarmenn skyldi ~~verða~~ standa óbreytt, vegna þess að efni og ástæður kæranda álitust ekki lakari, en nefndin hafði vitað áður, en efni og ástæður hinna* að mun lakari, en sumir nefndarmennirnir vissu, þegar útsvarið var lagt á þá. Jón Pálsson og ~~Þórð Jensson Þorgilsson~~ Jón Einarsson greiddu ekki atkvæði í þessu máli.

* Jón Pálsson kvaðst hafa nál. 700 kr. í vinnulaun að meðaltali um árið, ef verkin heppnaðist bærilega, en hann gæti ekki notað hana eins og hann þyrfti vegna þess að skólinn stendur til 1. marts; sagðist enga borgun vera farin að fá fyrir kennzlu sína í full 2 ár og taldi vafasamt að hann fengi hana, þar skólinn stæði sig mjög illa; hann kvaðst skulda manni einum í Reykjavík nál. 900 kr. Af því að hafa útvegað (látið annan panta) hljóðfæri í ár hefði hann haft nálægt 50 kr. tap, þar sem orgelin hefðu ekki komið fyrir en ári eptir að þau voru pöntuð og því áður helmingurinn; mennirnir gengju frá pöntuninni o. s. fr. Laun sín sem organista taldi hann smánarlega lítil; þau væru ekki fyrir meiru en viðhaldi og kaupum á allra nauðsynlegustu bókum. — Eyrarbakka, 27. nóv. 1897. Jón Pálsson.

Þorsteinn Þorgilsson Þorkell Þorkelsson Jón Hannesson

3. des. Á þessu hausti hafa tveir menn, ásamt fjölskyldu sinni, sezt hjer að í hreppnum, án þess að leita til þess leyfis hr. n.; þessvegna leyfir hr. n. sjer hjermeð, að leita aðstoðar yðar, herra sýslumaður, til þess að fá menn þessa setta, samkvæmt lögum, ásamt þeim, er þá hafa tekið í húsmennsku, og til þess að vísa þessum mönnum, er þannig hafa sezt hjer að, í burtu úr hreppnum.

Menn þessir eru:

1. Elías Guðm. Árnason, er sezt hefur að, ásamt konu og barni, í Einkofa, hjá Guðna tómthúsm. Jónssyni.

2. Gísli Gíslason (fyrv. Skaptafellssýslupóstur), er sezt hefur að ásamt konu, í Litlu-Háeyri, hjá Ólafi söðlasmið Sigurðssyni.

Með því að hreppsn. álítur það áríðandi fyrir velferð sveitarfjelags þessa, að sljeri óreglu verði komið af, að ýmsir menn flytjist inn í hreppinn, án þess að hafa fullnægjandi leyfi þar til, þá skorar hr. n. hjermeð á yður, háttvirti sýslumaður, að taka mál þetta sem allra fyrst til meðferðar.

Virðingarfyllst. — Í umboði hreppsnefndarinnar.

Jón Pálsson (oddviti).

Til Sýslumannsins í Árnessýslu.

7. des. Skrifað hr. Jörgen Hansen verzlunarstjóra á Eyrarbakka: um að mæta í barnaskólanum á Eyrarbakka laugardaginn 11. des. kl. 5. til að útkljá útsvarskæru mál sitt eigið og kl. 5½ e. h. til að útkljá útsvarskæru mál fyrir hr. W. Christensens verzlun á Eyrarbakka

11. des. mætti hr. n. á fundi í barnaskólanum ásamt Jörgen vefnaðarstj. Hansen á Eyrarbakka kl. 5 síðd. til að útkljá útsvarskæru mál hans þar sem hann kærði 19. nóv. yfir sínu eigin útsvari á móti P. Nielsen, er sjálfur var mættur, á móti N. C. Bach er sendi skriflega skýrslu (sjá skýrsluna) og Jóni Pálssyni, er mætti á fundinum. Eftir nokkrar umræður var kærandi aðspurður hvort hann ekki vildi taka kæruna aftur, þar eð útlit væri ekki fyrir að kröfur hans yrði teknar til greina og neitaði kærandi því.

Laun hans: (sjá afrit af kærunni). Húseign sína kvað hann vera tryggða fyrir eldsvoða ~~fyrir~~ með 115 króna árlegu ábyrgðargjaldi og hanni bauð hr. P. Nielsen hana, á fundinum, fyrir 15000 kr. Á húseigninni kvað hann hvíla 8400 kr. þinglýst veðskuld og 4500 skuld óþinglesin. Arfi eftir tengdaforeldra sína kvaðst hann enn ekki hafa veitt móttöku, en bjóst við, að þegar skipti væru farin fram, fjelli 2500 kr. í hlut hvers erfingja.

Jón Pálsson kvaðst ekki geta gefið aðrar nje betri upplýsingar um efni sín og ástæður, en hann hefði gefið hreppsnefndinni í útsvarskærumáli Einars kaupm. Jóns J. þegar það var til meðferðar 27. nóv. síðastl.

Hr. P. Nielsen neitaði að hafa þær tekjur er hr. Hansen tilgreinir í kærunni, kvaðst hafa selt eina prjónamaskínu í ár og grætt á þeirri sölu ca 18 kr. Á eggjaverslun sinni kvaðst hann engan hagnað hafa, þar hún væri eingöngu honum til skemmtunar og hann ætlaðist því ekki til neins hagnaðar af henni. Hið veika barn hans, kvað hann hafa kostað sig ca 2000 kr. í fyrra en í ár ~~mun~~ væri hann búinn að koma því fyrir uppá 1000 kr. árlega. Að öðru leyti kvaðst hann ekki geta gefið nánari upplýsingar um efni

sín og aðstöðu, nema hvað hann hefði orðið að taka 1800 kr. laun í ár; skuldir sínar hvað hann svo stórar að hann ekki gæti borið fyrir almenningi.

Eftir að hr. m hafði fengið þessar upplýsingar og nákvæmlega yfirvegað þær felldi hún þannig lagaðan úrskurð:

„ Þar að hreppsnefndinni ekki þótti svo nægar ástæður koma fram í útsvarskærumáli (verzlunarstjóra Jörgen Hansens á Eyrarbakka þar sem hann kærir yfir sínu eigin útsvari) þessu nje annað það upplýsast að henni fyndist ástæða til að breyta gjörðum sínum í þessu efni, þá úrskurðaði hún að útsvör hr. verzlunarstjóra Jörgen Hansens, verzlunarstjóra P. Nielsens, Cantora N. C. Bachs og organista Jóns Pálssonar skyldu standa við sama sem hún (hreppsnefndin) ákvað þau á niðurjöfnunarfundinum í haust.

Þess skal getið að þeir Jón Pálsson og Þorsteinn Þorgilsson greiddu ekki atkvæði í þessu máli.

Eyrarbakka, 11. desember 1897.

Jón Einarsson Þorkell Þorkelsson

Jón Hannesson

11. des Kl. 5½ síðd. var einnig tekið fyrir útsvars-kærumál Jörgen verzlunarstjóra Hansens, þar sem hann kærir yfir útsvari W. Christensens verzlunar á móti útsvari J. R. B. Lefolii's verzlunar.

Báðir verzlunarstjórarnir voru mættir og kváðu þeir hvor um sig líkt vörumagn hjá sjer í ár og í fyrra; Verzlunarstjóri P. Nielsen sagði að eigandi verzlunar þeirrar er hann stýrir (Lefolii) hafi skrifað sjer að hann hefði tapað á henni í fyrra og hann (P.N.) bjóst við meira tapi í ár, þar innlendar vörur hefðu selzt illa (það sem selt væri) og verra útlit með það sem getið er.

Verzlunarstjóri Jörgen Hansen vildi að vörumagn verzlananna væri lagt til grundvallar fyrir útsvars upphæðinni; ~~og~~ taldi Lefolii's verzlun hafa jafnvel tífalt vörumagn á móti W. Chr. verzlun. P. Nielsen vildi þá einnig láta taka tillit til þess að ef vörumagn Lefolii's verzl: væri tífalt meira, væri þá og tap hennar þeim mun meira, þar sem báðar verzlanirnar hefðu tapað í fyrra og nú í ár mundi það Lefolii's verzlun ein sem yrði fyrir tapinu, þar sem, eins og kunnugt væri, að W. Christensens lánaði engum, en seldi vörur sínar fyrir peninga og gengi eftir útistandandi skuldunum með harðri hendi. P. Nielsen sagðist árlega greiða nál. 30.000 í vinnulaun ~~árlega~~ og þannig veita hreppsbúum margfalt meiri atvinnu en nokkur annar vinnuveitandi hjer nálægt veitti hreppsbúum sínum. Ætti hann að fylgja sömu reglu og verzlunarstjóri W. Christensens verzlunar: hætta alveg að lána og krefja skuldirnar inn með lögsókn o.s.frv., hlyti helmingur Eyrbekkinga að komast á sveitina á hálfu ári; en þá reglu vildi hann ekki taka upp fyr en í síðustu lög. Hr. Hansen hjelt því fram að meiri kostnaður væri hlutfallslega við að reka smáar verzlanir en stórar. Hr. Nielsen kvaðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hve mikið tap Lefolii's verzlun liði í ár og

ekki heldur um vörumagnið annað en það, að það væri sem segt líkt og í fyrra.

Eptir að hr. n. hafði fengið þessar upplýsingar og nákvæmlega yfirvegað þær felldi hún þannig lagaðan úrskurð:

„Þar eð hreppsnefndinni ekki þótti svo nægar ástæður koma fram í útsvars-kærumáli W. Christensens verzlunar á Eyrarbakka, sem verzlunarstjóri hr. Jörgen Hansen kærði fyrir 19. nóv. þ. árs (viðauk.), nje annað það upplýsast, í máli þessu að henni fyndist ástæða til að breyta gjörðum sínum í þessu efni, þá úrskurðaði hún: að útsvör W. Christensens verzlunar á Eyrarbakka og J. R. B. Lefolii's verzlunar s. st. skyldu standa við sama sem hún (hreppsnefndin) ákvað þau á niðurjöfnunarfundinum í haust.

Þess skal getið að þeir Jón Pálsson og Þorsteinn Þorgilsson greiddu ekki atkvæði í þessu máli.

Eyrarbakka, 11. des. 1897.

13. des. fjekk oddviti Jón Pálsson þá bændurna Gísla Jónsson á Eynni og Einar Jónsson á Traðarhúsum til að flytja verzlunarstjóra Jörgen Hansen framanskrifaðar nefndar kærur með úrskurðinum hreppsnefndarinnar og áttu þeir að fá kvittun hans (hr. Hansens) fyrir móttökunni, en hann neitaði þeim um hana og kvað ráðlegast fyrir oddvita að senda kvittunina sjálfur ef hann vildi fá hana, því ekki hefði hann (hr. Hansen) fengið neina kvittun þegar hann afhenti oddvita kærurnar (hann bað heldur ekki um neina kvittun.

Eyrarbakka, 13. des. 1897. Jón Pálsson

13. des. Meðtekið brjef dags. 11. des. frá bæjarfógetanum í Reykjavík um það að með skipinu „Hjálmar" hafi komið 5. des. frá Eskifirði Guðmundur Jónsson fátækraflutningi frá Norðfjarðarhreppi með konu sinni og 2 börn um þeirra áleiðis til Stokkseyrarhrepps. Að læknir hafi álitið óforsvaranl. að halda flutningi þessum lengra áfram; konunni og börnunum verði komið fyrir meðan Guðm. fer austur að tjá Stokkseyrarhr. hr.n. ástæður sínar eða þar til hr.n. St.hr. gjöri ráðstöfun fyrir þeim; kostnaðar verði krafist af St.hr. o.s.fr.

15. des. meðt. brjef frá hr.n. Grímsnesshr. dags. 11. des. í tilefni af brjefi hjeðan dags. 7. sept. síðastl. og krafist borgunar fyrir uppkvaðslu í Skaptholtsrjettinni, 6 dagsverk á 2,50 = 15 kr.

17. des. Brjefi yðar, háttvirti bæjarfógeti, dags. 11. þ.m., svarast þannig: Guðm. Jónsson, sá, er þjer nefnið í áminnstu heiðruðu brjefi yðar, er viðurkenndur sem sveitlægur í Stokkseyrarhreppi hinum forna, og óskast flutningnum haldið áfram, eptir því sem lög mæla fyrir, jafnskjótt sem börnin hafa náð sjer aptur eptir ferðavolkið á sjónum, því að vjer væntum, að læknir álíti það hættulaust, að flytja þau austur þegar þau eru orðin heilbrigð, ef þau eru vel útbúin og sætt er góðu veðri og færð. Og í öllu falli verðum vjer að krefjast þess, að foreldrarnir verði tafarlaust flutt hingað til átthaga sinna.

Virðingarfyllst

Jón Pálsson (oddviti) Jón Jónsson oddviti

Til Bæjarfógetans í Reykjavíkurkaupstað

30/12 Hjermeð leyfi jeg mjer að spyrjast fyrir um hjá yður, hvort Elís Guðm. Árnason, sem verið hefur í Efstadal í Biskupstungum, eigi nú heimili á Syðrihömrum í Ásahreppi, eða hafi verið skrifaður þar, ásamt konu sinni og barni, við síðustu húsvitjun yðar í haust. Heiðrað svar yðar óskast sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson.

Til hr. prests Ólafs Finnssonar á Kálfholti

(21/12.) móttk. Brjef um byggingarleyfi fyrir Ól. Ól. Leiðólfsstöðum ásamt virðingargj. Jóns Jóns.

s.d. á Holti og Bj. Sam. Leiðólfsstöðum (virðingin 450 kr.) Brjefinu ~~svarað~~ þannig:

30/12 Hjermeð tilkynnist yður að hreppsnefndin í Eyrarbakkahreppi veitir yður hjermeð leyfi sitt til að setjast að hjer í hreppnum sem þurrabúðarmaður á þessu vori.

Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson.

Til Ólafs Ólafssonar á Leiðólfsstöðum.

Herra Oddi Oddssyni á Sámsstöðum og

Hr. Pjetri Hannessyni á Kirkjubæ skrifað þannig:

Hjermeð tilkynnist yður að hreppsnefndin í Eyrarbakkahreppi verður að synja yður um leyfi til að setjast að hjer í hreppnum, sem þurrabúðarmaður á næstavori, meðan þjer engi full-

nægið skilyrðum þeim, sem, samkvæmt lögum, þurfa til þess að hreppsnefndin veiti leyfið. — Virð. fyllst. —

Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson

Hr. Guðm. Grímssyni á Gljúfurárholti og
hr. Guðm. Vigfússyni á Óseyrarnesi skrifað þannig:

Hjermeð tilkynnist yður að hreppsnefndin í Eyrarbakkahreppi verður að synja yður um leyfi til að setjast að hjer í hreppnum sem þurrabúðarmenn á næsta vori, vegna þess að þjer hafið ekki fullnægt skilyrðum þeim, sem, samkvæmt lögum, þurfa til þess að hreppsnefndin veiti leyfið.

Í umboði hreppsnefndarinnar.

J. Pálsson

Ath. Enginn þessara síðasttöldu 5 manna hafði skriflega beiðst byggingarleyfisins eða inngöngu í hreppinn ~~xx~~ nema Ólafur Ólafsson og enginn gjört tilraun til að fullnægja skilyrðum þeim sem lög No 1. 12. jan. 1888. 1. gr., stafl. a. og b. tiltaka fremur hann (þ: Ólafur). En hreppsnefndin gjörir einmitt þetta að skilyrði fyrir leyfi sínu og vill ekki víkja frá þeirri reglu hver sem í hlut á.

Í umboði hreppsnefndarinnar
Jón Pálsson

afrit 

# Skýrsla

yfir hreppavegavinnu í Stokkseyrarhreppi hinum forna fard. árið 1896–97

| | | Dagsverk (heil) |
|---|---|---|
| 1. | Unnið að Barmanesveginum | 27 |
| 2. | —"— — Kakkaveginum | 34 |
| 3. | —"— — Stóra-Hraunsbrúnni | 13 |
| 4. | —"— — Hólabrúnni | 4 |
| 5. | —"— Álfsstjett | 36 |
| 6. | —"— Bárðarbrú | 48 |
| 7. | —"— Litla Hraunsbrú | 14 |
| 8. | Lagt til timburs í flaka á brýrnar og vinna við það þr. | 6 |
| 9. | Óunnið að Kakkaveginum | 15½ |
| | Samtals: | 197½ |

Ath. Í ytri hluta hreppsins var unnið meira en bar, eftir því sem lögskipað er eftir dagsverkatölunni, en í eystri hlutanum þar á móti ~~unnu~~ ekki nægilega mikið til þess að geta unnið upp það sem óunnið var frá fyrra ári. En nú er hr. n. búin að fastákveða að láta vinna að Kakkaveginum svo sem verður: gjöra við brýrnar og setja timbur flaka yfir torfærustu keldurnar, á næsta vori að öllu forfallalaus.

Eyrarb. 31. des. 1897. — Í umboði hreppsnefndarinnar

Jón Jónsson. Jón Pálsson

30 afrits

## Reikn

yfir tekjur og gjöld hreppavegasjóðsins í Stokkseyrar-

### Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári 27½ dagsv. leid á 2.50. Kr. 68,75
2. Samkvæmt skýrslu um tölu verkfærra manna 340 hálfdagsv. á 1,25 " 425.00

Kr: 493.75

Stokkseyrarhreppi,

Í umboði

Jón Jónsson

# -ingur:

-hreppi hinum forna Fardaga-árið 1896-97.

## Gjöld:

1. Unnið að hreppavegum o. fl. (sjá tölul. 1-7. í skýrslunni) 176 dagsv. heil: 2.50 = Kr. 440.00
2. Keypt timbur og fl. í fleka á brýrnar og smíði (sjá tölul. 8. í skýrslunni) fyrir " 15.00
3. Til góða til næsta árs (sjá tölul. 9. í skýrslunni) 15½ dagsv. heil: 2,50 " 38,75

Kr. 493,75

Eyrarbakka, 31. des. 1897.

hreppsnefndarinnar:

Jón Pálsson

Reikningur þessi og hinuvegarritud skýrsla var send sýslumanninum í Árnessýslu 20. janr. 1898.

Jón Pálsson

32

30. janúar  Með t. beiðni Jóns Benediktssonar frá Unhóli í Þykkvabæ um að hr.n. veiti honum innbyggingarleyfi; einnig meðtekið virðingargjörð á eignum hans (420 kr. skuldlaust) og vottorð um hegðun hans o. fl. frá sama og Nikulási Þórðarsyni barnakennara á Unhóli og Jóni Jónssyni bónda á Nýjabæ.

8. Febr. Ofannefndum Jóni Benediktssyni <u>veitt innbyggingar</u>leyfi og ætlar hann að setjast að í Hraunshverfi, á lóð Sr. Ólafs Helgasonar.

9. Meðtekið bréf frá Oddi Oddssyni á Sámsstöðum: beiðni um innbyggingu og vottorð Bergsteins Vigfússonar á Torfastöðum og Jóns Bergsteinss. á sama bæ, einnig vottorð bændanna Jóns Ólafssonar á Sámsstöðum og Sigurðar Einarss. s. st. ennfremur virðingargjörð þeirra beggja framnefndu Bergst. og Jóns Bergsteinssonar, er virða skuldlausar eignir Odds „meiri en 400 króna virði".

s.d. Skrifað Oddi Oddssyni á Sámsstöðum þannig:

Hreppsnefndin í Eyrarbakkahreppi veitir yður, herra Oddur Oddsson á Sámsstöðum í Fljótshlíð, fullt leyfi sitt til þess að þjer megið setjast hjer að í hreppnum á næstk. vori, sem þurrabúðarmaður, þar eð þjer ~~hafið~~ með beiðni yðar um innbyggingarleyfi dags. 2. þ. m. og

vottordum dags. 3. og 7. jan og 4. febr. hafið fullnægt skilyrðum þeim sem lög # 1., 12. jan. 1888., 1. og 2. gr. ákveða.

Virðingarfyllst
Í umboði hreppsnefndarinnar: Jón Pálsson

Um innbyggingarleyfi í hreppinn hafa eru fremur beðið þessir menn. a. Jón Benediktsson (en hann hætti við það þar eð hann flutti sig austur í Stokkseyrarhrepp) b. Ólafur Árnason á Borg c. Einar Jónsson frá Álfsstöðum; en báðum (b. og c.) var þó aðeins leyft byggingarleyfið að þeir gætu fullnægt skilyrðum þeim sem lög # 1. 12. jan 1888, 1. og 2. gr. ákveða; en það höfðu þeir hvorugur gjört þegar þeir fluttu sig inn í hreppinn með fjölskyldu sína; að minnsta kosti hefur sá síðarnefndi alls ekkert leyfi fengið til að flytja inn, án þessara skilyrða. d. Vigfús Vigfússon frá Berjanesi og e. Guðbrandur Guðbrandsson frá Brúnastöðum er báðir fullnægðu skilyrðunum og veitt var skriflegt leyfi til að setjast hér að (sjá síðar). Um húsmennskuleyfi báðu Jón Eiríksson úr Sandvíkurhreppi og Bjarni Símonarson frá Hallstúni í Holtum, báðir til að setjast að í húsmennsku í Óseyrarnesi og var þeim báðum synjað algjörlega um leyfið.

3. marts meðtekið bréf frá oddv. Gnúpverjahr. þar sem hann skýrir frá að Brúi Einarsson í Ásum hafi fært skuldakröfu sína niður úr 15 Kr. (sjá framar: 15. des. f. ár) niður í 13,50. Samþykkt að sú skuld verði borguð sem fyrst.

4. marts. Jóni hreppstj. Jónassyni á Stokkseyri falið að sjá

um heimili Magnúsar Kristjánssonar í Útgörðum (í vekindum Magnúsar) gegn endurgjaldi frá Eyrarb. hr.

14. marts Skrifað hreppsnefndinni í Hafnahreppi um að hún veiti Guðm. Jónssyni í Vivatsbæ alla nauðsynlega hjálp, (samkvæmt um tali Oddvita við Guðm. Jónsson fyr í vetur) og þess getið, að bréf hreppsnefndarinnar dags. 22. nóv. f. ár til hr. n. í Hafnahreppi muni hafa misborizt til hr. n. í Rosmhvalaneshreppi og óskað leiðréttingar á því.

15. marts með t. bréf frá sýslum. í Árnessýslu ásamt reikningum frá Norðfjarðarhreppi í Suður Múlasýslu uppá Kr. 131,13 aura sem er meðlag með barni Guðm. Jónssonar (sem fluttur var fát. flutningi með Skipinu „Hjálmar“ til Reykjavíkur á leið hingað í haust) og sýkur sem nefnd um Guðm. & og skylduliði hans hafi verið veittur á leiðinni og áður. Reikningar þessir eiga að greiðast af báðum hreppunum og er samþykkt að borga þá sem allra fyrst.

29. mai. Með t. bréf sýslum. Árnessýslu um skuld Eyrarb. hr. við Reykjavíkurbæ Kr. 120.66 fyrir veittan styrk konu og börnum Guðm. Jónssonar (fyr í Norðfj. hreppi) er flutt voru hingað með „Oddur“ (samkv. vegabréfi útg. 30. okt. 1897. og 22. apríl 1898.), samþykkt að borga einnig þessa upphæð við fyrsta tækifæri

12/4 – Meðt. Vertingargj. yfir eignir Vigfúsar Vigfússonar á Berjanesi og beiðni hans um að setjast að í hreppnum á næsta vori. Því svarað þannig:

Hr Vigfús Vigfús[s]. á Berjanesi.

Hjermeð tilkynnist yður að hreppsnefndin í Eyrarbakkahreppi veitir yður hjermeð leyfi sitt til að setjast að hjer í hreppnum sem þurrabúðarmaður á næsta vori. – Samb. hr. n. E. b. 12/4–98. Jón Pálsson

s. d. Meðt. Vertingargj. yfir eignir Guðbrandar Guðbrandssonar á Brúnastöðum og beiðni hans um að setjast að í hreppnum á næsta vori. Því svarað þannig:

Hr. Guðbrandur Guðbrandsson Brúnastöðum.

Hjermeð tilkynnist yður að hreppsnefndin í Eyrarb. hr. veitir yður hjermeð leyfi sitt til að setjast að hjer í hreppnum sem þurrabúðarmaður á næsta vori. Í umb. hr. n. – Eyrarb. 12. apr. 1898. Jón Pálsson.

27/3 Útgefin Kjörskrá til Alþingis fyrir Eyrarbakkahrepp 1898–99. Lögð fram til sýnis frá 30/3 til 21/4

21/3 Útgefin skýrsla yfir gjaldskyld vinnuhjú til Styrktarsjóðs handa alþýðufólki. Lögð fram til sýnis frá 30/3 til 21/4

21/5 Útgefin Kjörskrá til hreppsnefndarkosningar fyrir Eyrarb. hr. Lögð fram til sýnis frá 23/5 til 13/5.

7. Mai Beiðni um innbyggingarleyfi kom frá Oddi Snorrasyni á Sölkutótt og skrifleg skýrsla um það að hann ætti yfir 400 Kr. skuldlausar eignir; önnur skilríki vantaði. Oddviti fann hann þó að máli 8. mai og tjáði honum munnlega að hreppsn. synjaði honum um leyfi af þessum ástæðum: 1. að hr. n. væri vitanlegt að hann ætti alls ekkert til sjálfur, heldur væri það eign sú sem hann ætlar að búa með Margrjet Guðbrandsdóttir, sem ætti það sem virt væri yfir 400 kr. eptir skýrslunni sem hann sendi. 2. að vottorð skilríkra manna vantaði um það, að hann væri ráðdeildar og reglusamur maður. Sama svar fjekk hann einnig hjá Gjaldkera (skriflega) er hann (Oddur) snjeri sjer til hans í þessu efni, í fjarvist oddvita.

30. Maí. 1. Hreppsnefndirnar úr Eyrarbakka og Stokkseyrar hreppum mættu á fundi í barnaskólanum í Götu á Stokkseyri til þess að skipta skuldum og eignum beggja hreppanna, en vegna þess að ýmsar upplýsingar þótti vanta frá fyrverandi Oddvita (sr. Ólafi Helgasyni) svo sem um borgun til skólanna, sem aðeins er tilfærð 25 kr. borgun í staðinn fyrir 200 kr., o. fl., þá neyddust nefndirnar til að fresta skiptunum til 5. júní.

2. Beiðni kom frá hreppsnefndaroddvita Jóni Pálssyni um að mega vera laus úr hreppsnefndinni, ella hvað hann neyðast til að flytja sig af Eyrarbakka, þar hann gæti ekki verið í nefndinni lengur. Þannig orðað skjal lagði hann fram og beiddist undirskriftar undir það:

„Þar eð organisti Jón Pálsson hefur í dag leitað leyfis okkar undirritaðra samnefndarmanna hans í hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps til að vera laus úr nefndinni á þessu vori (frá þeim degi sem hreppaskilaþing verður haldið á Eyrarbakka) og framvegis þá lýsum við því hjermeð yfir að við gefum honum fullt leyfi okkar til þess.“ Eptir nokkrar umræður undirskrifuðu:

p. t. Stokkseyri, 30. Mai 1898
Þorkell Þorkelsson, Þorsteinn Þorgilsson
Jón Hannesson.

3. Samþykkt var að hreppsnefndin ljeti gjöra undirboð að hreppsvegavinnunni á þessu vori og heimtaði hið lögákveðna gjald (1,25 kr) af hverjum verkfærum manni

í hreppnum. Verði afgangur af gjaldinu, var gjört ráð fyrir að verja honum til grjótflutnings að vegagjörð um (yfir) Eyrarbakka næsta haust.

5. júní. Var svo aptur haldinn fundur á Eyrarbakka til þess að reyna að koma skiptunum á. Þá upplýstist að fyrv. oddviti átti, vegna rangrar reikningsfærslu, 175 kr. meira hjá hreppnum, heldur en reikningurinn sýndi. Þar á móti gátu nefndirnar enki fengið neinar upplýsingar um, hverjum bæri að borga þær 484.15, sem oddviti Eyrarb. hr. varð að borga sýslumanni um síðustu áramót í sýslu vega- og sýslusjóðs-gjald. Varð það því að samþykki og samkomulagi milli nefndanna og fyrv. oddv. að senda mann gagngjört til sýslumannsins og fá upplýsingar um þetta. Kjörinn til þess var (í einu hljóði) Jón Jónsson oddviti Stokkseyrarhrepps. Skiptunum ~~varð~~ ekki lokið að heldur í þetta sinn vegna vantandi upplýsinga. Þeim var því enn frestað um óákveðinn tíma, þangað til allar upplýsingar voru fengnar.

7. júní. Auglýst hreppavega vinna og gjörð tilboð af nokkrum mönnum: lægst 1.75 í vörum. Ráðnir fyrir það kaup: Einar Karelsson, Vigfús Vigfússon, Vigfús Halldórsson, Sveinn Sveinsson (pr. 2.00). Eiríkur Pálsson, Guðjón Jónsson. (2 kr.)

Guðjón Þorsteinsson, Jón Ásgrímsson, allir á meðan vinnan fæst og nokkur er til að vinna eða dagsverk önnur.

12. Auglýst síðasta almennum smölum á landfje og réttum nautum (Júlíus Gíslason Ásgautsst.) til að fara í Skeiða-skilarétt að hirða sell af fje úr hreppnum, gegn borgun af hreppsfje, ef hann gæti ekki fengið kostnaðinn uppborinn frá þeim sem ullina eigu.

s.d. Gjört ótal-tilboð um að vinna að hreppsvegunum í 10 kl. tíma fyrir hið lögboðna gjald 1,25, eða 1,50 fyrir 12 tíma vinnu eins og borgað er hjer almennt við J. R. B. Lefolii-verzlun og víðar. Boði þessu tekið af þeim, er það vilja nota.

13. Kosnir í hreppsnefnd: 1. Pétr Guðmundsson Kumbaravogi með . atkv.

2. Bjarni Halldórss. Túni " "

3. Þorkell Hreinsson Ásgerm. " "

í stað Jóns Pálssonar, er fengið hafði lausn úr nefndinni (sjá fundargjörð 30. maí) og í stað Þorsteins Þorgilss. og Þorkels Þorkelssonar, er báðir flytja bú ferlum burtu úr hreppnum, á þessu sumri.

Á hreppsskilaþingi þessu var (af oddvita) gjörð sú fyrirspurn til allra viðstaddra hreppsbúa hvort þeir vildu taka hreppsómagana, Vilhjálm Ólafsson, Guðrúnu Erlendsdóttur, Guðrúnu Sigurðardóttur og Sesselju Jónsdóttur fyrir minna eða sama meðlag ~~og~~ og lagt hefði

verið með þeim síðastl. ár, og kváðu allir „nei“ við því, aftur á móti buðu ýmsir gjörsamlega óaðgengileg boð og var því frestað að ráðstafa þessum ónógum.

Sömuleiðis var skýrt frá því (af oddvita) að vegavinnan hefði verið auglýst, að undirboð hefðu verið gjörð og hvernig lögum, og að því leyti yrði gengið; ennfremur að borgunar yrði krafist af þeim sem ekki vinna eða láta vinna.

15. júní. Vegna óánægju einstakra manna með tilhögunina á hrepps vegavinnunni í ár, leytaði Jón Pálsson því yfir við hina nýkjörnu hreppsnefnd, að hann vildi enga umsjón eða afskipti hafa af vinnunni, með inn- eða útborganir, nema því aðeins að öll hr. n. gæfi sjer skriflegt umboð til þess — en honum hafði verið aðeins munnlega falið á hendur að hafa umsjón á henni — þá samdi hr. n. þannig lagað umboð handa honum:

„Það hefur orðið að samkomulagi með hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps og organista Jóni Pálssyni, að hreppsnefndin felur Jóni Pálssyni að hafa umsjón með aukavegavinnu hreppsins í yfirstandandi vori og innkalla borgun hjá þeim er ekki vinna eða láta vinna hina lögákveðnu vinnu og sömuleiðis að borga þeim er kunna að vinna meira en skylduverk sitt.

Það skal tekið fram, að hreppsnefndin hefur samþykkt að þeir einir fengju að vinna af sjer vegavinnu þessa, sem vilja vinna 10 kl.

síma fyrir 1.25 Kr.

Eyrarbakka 15. júní 1898.

Jón Einarsson. Bjarni Haldórsson

Þorkell Þreinsson Pétr Guðmundsson Jón Hannesson."

16. júní Kosinn oddviti: Pétr Guðmundsson, með 4 atkv.

s. d. Send til sýslum. Kjörskrá til alþingis fyrir E.b.hr. 1898–99.